

Vegna hugmyndar um hönnunarsmiðju

Sent á Lindu Udengard, fræðslustjóra Mosfellsbæjar, með ósk um að hugmyndin verði kynnt fræðslunefnd Mosfellsbæjar.

Hugmyndin

Upp hefur komið sú hugmynd að koma upp hönnunar og nýsköpunarsmiðju sem myndi nýtast bæði Kvíslar- og Varmárskóla og hugsanlega fleirum eftir atvikum. Auknar kröfur eru í aðalnámskrá grunnskóla um að skólar sinni þessum þætti til jafns við annað nám. Stafræn tækni ýtir undir áhuga nemenda og nýsköpunarhugsun og tengist flestum námsgreinum en búnaður skólanna er takmarkandi í því efni.

Ekki er deilt um að framleiðsla og framfarir framtíðarinnar byggja á tækni og nýsköpun og því mikilvægt að nemendum Mosfellsbæjar séu búnar aðstæður þar sem tækifæri gefast til að efla þessa hugsun. Með uppsetningu hönnunarsmiðju gæti Mosfellsbær einnig styrkt hlutverk sitt sem leiðandi aðili í skólasamfélagi.

Hugsanlegir samstarfsaðilar, hverjir hefðu ávinning af því að nota smiðjuna?

Kvíslarskóli og Varmárskóli myndu örugglega nýta smiðjuna. Þá má hugsa sér að aðrir skólar sveitarfélagsins myndu einnig nýta hana. Bólið félagsmiðstöð gæti aukið og eflt sitt skapandi starf og einnig mætti hugsa sér að eldri borgarar í Mosfellsbæ vildu nýta smiðjuna síðdegis. Þá er ekki FabLab – smiðja við Fjölbrautarskóla Mosfellsbæjar því hugsanlegt að F-Mos myndi vilja vera samstarfsaðili í verkefninu. Starfssemi í Ásgarði og listamannaþorpið í Álafosskvosinni eru einnig líklegir samstarfsaðilar. Önnur félagasamtök sem eru með starfsemi fyrir börn og unglinga gætu einnig nýtt svona smiðju.

Ávinningur fyrir skólana

Auknir möguleikar á að uppfylla viðmið aðalnámskrár um kennslu í skapandi greinum og nýsköpunarhugsun. Smiðja af þessu tagi gæfi einnig aukna möguleika á fjölbreytni í námi í flestum námsgreinum.

Ávinningur fyrir Mosfellsbæ

Aukin áhersla á skapandi skólastarf þar sem betur komið til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda eykur hróður skólanna og sveitarfélagsins. Einnig má gera ráð fyrir að einhver önnur skapandi störf þróist í tengslum við smiðju af þessu tagi.

Líklegur kostnaður við að koma smiðjunni upp, nauðsynlegur tækjabúnaður (lágmark)

Kostnaður við tækjakaup ræðast af því hversu stórt fólk vill hugsa. Startkostnaður með lágmarks tækjum svo sem laser skera, þrívíddarprentara, vinylprentara, laser fræsara eða cnc fræsara og rafeindaverkstæði gæti verið nálægt 5-6 milljónum. Mest af hugbúnaðinum sem notaður er við þessa vinnu er án endurgjalds. Þá má einnig gera ráð fyrir efniskostnaði rétt eins og fellur til við aðra kennslu. Þá er einnig líklegt að einhver kostnaður falli til vegna húsnæðis en það fer þó eftir því hvaða húsnæði yrði fyrir valinu fyrir smiðjuna.

Líklegur starfsmannakostnaður

Í smiðju eins og þessari þarf að vera að minnsta kosti fastur starfsmaður á opnunartíma. Þá má gera ráð fyrir að einhver kostnaður falli til vegna námskeiða fyrir kennara.

Hugsanleg staðsetning

Við teljum að eftirtaldir staðir geti komið til greina fyrir hönnunar- og nýsköpunarsmiðju Mosfellsbæjar: Brúarland, lausar kennslustofur milli Varmár- og Kvíslarskóla eða Hlégarður.

Að lokum

Það er von okkar sem að þessari hugmynd standa að vel verði tekið í hana og fræðslufirvöld taki hana til skoðunar. Til að hægt sé að halda úti metnaðarfullu starfi í skólum bæjarfélagsins þarf búnað, mannskap og aðstöðu eins og best verður á kosið. Það mun jafnframt skila Mosfellsbæ nemendum sem standast kröfur nútímans og líta á lausnaleit sem sjálfsagðan hlut og eru þannig færir um að taka þátt í mótun framtíðarinnar.

Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri Varmárskóla,
Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri Kvíslarskóla,
Úlfhildur H. Guðbjartsdóttir, kennari í upplýsingatækni í Kvíslarskóla,
Andrés Ellert Ólafsson, kerfisstjóri Varmár- og Kvíslarskóla